**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 707/2006** **2008/EES/77/05**

**frá 8. maí 2006**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 að því er varðar samþykki með takmarkaðan gildistíma og I. og III. viðauka(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ([1]), einkum 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var komið í framkvæmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ([2]) og reglugerð (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ([3]).

2) Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2042/2003 geta aðildarríki gefið út samþykki með takmarkaðan gildistíma, að því er varðar II. og IV. viðauka við reglugerðina, til 28. september 2005.

3) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin) hefur metið áhrifin af ákvæðunum allan gildistíma samþykkis og komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að setja nýjan frest svo að aðildarríkin geti aðlagað löggjöf sína að kerfinu varðandi samþykki með ótakmarkaðan gildistíma.

4) Niðurstöður úr rannsóknum á slysum, að því er varðar gömul loftför og öryggi eldsneytisgeyma, undirstrika þörfina á að tekið verði tillit til nýrra eða breyttra viðhaldsleiðbeininga, sem handhafi tegundarvottorðs kemur á framfæri, og að viðhaldsáætlunin verði endurskoðuð reglubundið.

5) Nauðsynlegt er að kveða á um að starfsfólk, sem neytir vottunarréttinda, skuli geta framvísað skírteini sínu til að færa sönnur á starfsréttindi sín innan 24 klukkustunda frá beiðni viðurkennds aðila þar að lútandi.

6) Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 skal því breytt til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti sem Flugöryggisstofnunin Evrópu gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1. í stað „28. september 2005“ í 4. mgr. 7. gr. komi „28. september 2007“,

2. eftirfarandi f- og g-liður bætist við lið M.A.302 í I. viðauka:

„f) Viðhaldsáætlunin skal háð reglubundinni endurskoðun og henni breytt þegar þörf krefur. Endurskoðanirnar skulu tryggja að áætlunin haldi gildi sínu í ljósi reynslu af starfrækslu jafnframt því sem hún tekur tillit til nýrra og/eða breyttra viðhaldsleiðbeininga sem handhafi tegundarvottorðs kemur á framfæri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 21.12.2006, p. 4.

([1]) Stjtíð. ESB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1701/2003 (Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).

([2]) Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 381/2005 (Stjtíð. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3).

g) Viðhaldsáætlunin verður að endurspegla gildandi lögboðnar kröfur sem fjallað er um í skjölum sem handhafi tegundarvottorðs gefur út til að uppfylla ákvæði 21A.61.“

3. Í III. viðauka bætist eftirfarandi málsgrein við:

**„66.A.55. Sönnun á starfsréttindum**

Starfsfólk, sem neytir vottunarréttinda, skal framvísa skírteini til að færa sönnur á starfsréttindi sín innan 24 klukkustunda frá beiðni viðurkennds aðila þar að lútandi.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*